

Ár 2014, laugardaginn 22. nóvember, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Sigurði I. Halldórssyni dómara að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík.

Fyrir er tekið: Mál nr. 4/2014.

Pórir Bergsson

gegn

Aðalstjórn HK.

Gögn málsins nr. 1-38 liggja frammi.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

DÓMUR:

I.

Dómkröfur.

Málið var höfðað með kærú mótttekinni af skrifstofu ÍSÍ þann 27. maí sl. Undirrituðum dómara var falin meðferð málsins. Með tilkynningu dags. þann 10 júní sl. var kærða gefinn kostur á að skila greinargerð. Greinargerð kærða barst dómstólnum þann 23. júní sl. Kæranda var gefinn kostur á að koma að andmælum við greinargerð kærða. Andmæli kæranda bárust þann 7. júlí sl. Við fyrirtöku málsins þann 8. júlí sl. var málinu frestað ótiltekið til sáttatilauna. Við fyrirtöku málsins þann 16. september sl. var bókað að sættir hefðu ekki tekist með aðilum og þeim gefinn kostur á að koma að frekari sjónarmiðum ef tilefni væri til. Athugasemdir bárust frá kærða þann 29. september sl. Ákveðið var að málið yrði flutt skriflega.

Kröfur kæranda: Kærandi krefst þess að ógilt verði ákvörðun aðalstjórnar HK frá 20 maí sl. um að víkja stjórn knattspyrnudeildar félagsins frá og taka yfir stjórn knattspyrnudeildar tímabundið.

Kröfur kærða:

Aðallega: Að máli þessu verði vísað frá.

Til vara: Að kröfu kæranda um ógildingu ákvarðana kærða verði hafnað.

II.

Málsatvik og málatilbúnaður kæranda

Kærandi vísar til þess að á aðalfundi knattspyrnudeildar HK, sem haldinn var 11. mars sl., var fimm manna stjórn deildarinnar kosin og kærandi kosinn formaður í samræmi við 13. gr. laga félagsins en auk þess skipa stjórnina formenn flokksráða deildarinnar og formaður barna og unglingaráðs deildarinnar. Í framhaldi af stjórnarfundum þann 14. apríl sl., sögðu tveir stjórnarmenn sig úr stjórn deildarinnar. Skömmu síðar sagði formaður barna og unglingaráðs sig úr stjórninni.

Það er síðan kærði sem á fundi sínum þann 20 maí sl., tekur þá ákvörðun að víkja rétt kjörinni stjórn knattspyrnudeildar frá og taka sjálf yfir stjórn deildarinnar. Í rökstuðningu sínum fyrir þessari ákvörðun sem barst kæranda daginn eftir er sagt að vegna samstarfsörðugleika í stjórn knattspyrnudeildar og þess að 4 af 8 stjórnarmönnum hafi sagt af sér beri kærða að taka að sér stjórn knattspyrnudeildar.

Þessu mótmælir kærandi og telur stjórnina rétt kjörna á síðast aðalfundi deildarinnar, stjórnin fari með daglegan rekstur deildarinnar milli aðalfunda og að enginn heimild sé í lögum félagsins til að víkja rétt kjörinni stjórn frá störfum og skipa deildinni nýja stjórn án aðkomu aðalfundar deildarinnar, sem hafi æðsta vald í málendum deildarinnar. Með vísan til alls þessa krefst kærandi þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

III.

Málatilbúnaður kærða.

Kærði krest þess *aðallega* að máli þessu verði vísað frá og *til vara* að kröfu kæranda um að ákvarðanir kærða verði felldar úr gildi verði hafnað. Í rökstuðningi fyrir frávísunarkröfunni er vísað til þess að kæruefnið eigi ekki undir dómstól ÍSÍ þar sem kærði njóti stjórnarskrárvarins frelsis um innri málefni sín. Vísar kærði til 74. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944. Þrátt fyrir að í 4. gr. laga kærða sé tekið fram að kærði sé aðili að ÍSÍ og sérsamböndum þess, verði við beitingu 20. gr. og 35. gr. í lögum ÍSÍ að virða stjórnarskrárvarinn rétt kærða til að ráða málefnum sínum sjálfur.

Í rökstuðningi sínum fyrir höfnum kröfu kæranda kemur m.a. fram: Að um sé að ræða óstarfhæfa stjórn og ábyrgðin hvíli því á kærða í þeim efnum. Æðsta vald félagsins sé í höndum aðalstjórnar þess og að því gengnu í höndum einstakra deilda sbr. 9. laga félagsins. Stjórn knattspyrnudeildar skipi 8 einstaklingar. Fyrir liggi að 4 stjórnarmenn hafi sagt af sér og þ.a.l. sé stjórnin ekki skipuð samkvæmt lögum félagsins. Þegar þannig staða sé upp komin sé að á valdi og ábyrgð aðalstjórnar að bregðast við svo stjórn deildarinnar sé löglega skipuð.

Þá vísar kærði til fjárhagslegrar ábyrgðar á rekstri knattspyrnudeildar og þess að ástæða fyrir úrsögn a.m.k. sumra stjórnarmanna hafi verið hvernig staðið var að afgreiðslu fjárhagsáætlunar knattspyrnudeildar.

IV.

Forsendur og niðurstöður.

Mál þetta er kært til Íþróttadómstóls ÍSÍ vegna meints brots aðalstjórnar HK á lögum félagsins með því að víkja kjörinni stjórn knattspyrnudeildar frá og skipa nýja stjórn.

Fyrst er að taka afstöðu til frávísunarkröfu kærða. Í 4. grein laga HK segir að félagið sé aðili að ÍSÍ og sérsamböndum þess og sé háð lögum þeirra og ákvörðunum þeirra. Í grein 20.1 laga ÍSÍ segir m.a. “Dómstólar samkvæmt lið 20.2 og 20.3 nefnast einu nafni Dómstólar ÍSÍ. Þeir skulu hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem upp koma innan íþróttahreyfingarinnar og sem varðar lög og reglur Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ), sérsambanda, héraðssambanda, íþróttabandalaga, aðildarféлага eða einstakra iðkenda eftir því sem við á.” Með vísan til þess að HK er aðili að ÍSÍ og til tilvitnaðra ákvæða í lögum ÍSÍ er það mat dómsins að mál þetta heyri undir Íþróttadómstól ÍSÍ. Þá er ekki fallist á að félagafrelsi samkvæmt stjórnarskránni standi í vegi fyrir því að mál þetta verði til lykta leitt fyrir dómstólnum og er því kröfu kærða um frávísun hafnað.

Í máli þessu liggur fyrir að stjórn knattspyrnudeildar HK var löglega kosin á aðalfundi deildarinnar þann 11. mars sl. og var kærandi þar kosinn formaður. Í 13. gr. laga félagsins segir að *deildarstjórnir fari með daglegan rekstur deilda milli aðalfunda þeirra og hafa endanlegt ákvörðunarvald í öllum málefnum deildarinnar.*

Í lögum HK er að finna ákvæði um eftirlitsskyldu aðalstjórnar með rekstri deilda félagsins. Snýr það einkum að stjórn fjármála. Engin ákvæði eru um heimild aðalstjórnar til að setja stjórn einstakra deilda af og skipa bráðbirgðastjórn. Eins og málavextir liggja fyrir verður í upphafi ágreiningur innan stjórnar knattspyrnudeildar HK um afgreiðslu afmarkaðs máls innan deildarinnar sem síðan vindur upp á sig og tveir kjörnir stjórnarmenn og formaður barna- og unglíngaráðs segja sig úr stjórn. Þegar svo er komið hlýtur fyrsta verk þeirra sem eftir sitja að reyna að skipa nýja stjórnarmenn í stað þeirra sem sagt höfðu af sér þ.m.t. að hlutast til um að barna- og unglíngaráð skipi nýjan einstakling í stjórn í stað þess sem sat þar áður, ella boða til aukaaðalfundar. Þegar á allt er litið hefði verið eðlilegast af hálfu aðalstjórnar að gefa þeim sem eftir voru í stjórn ráðrúm innan tiltekinna tímamarka til að ráða bót á því ástandi sem upp var komið í stað þess að grípa til þeirra ráðstafana sem

aðalstjórn gerði. Dómurinn telur að fulllangt hafi verið gengið gagnvart sjálfstæði knattspyrnudeildar með slíku inngrípi án þess að önnur úrræði hafi verið fullreynd. Það er því niðurstaða Íþróttadómstóls ÍSÍ að ekki verði hjá því komist að ógilda þá ákvörðun aðalstjórnar HK frá 20. maí sl., að víkja stjórn knattspyrnudeildar félagsins frá og að taka yfir stjórn deildarinnar tímabundið.

V.

Dómsorð.

Ógild er sú ákvörðun aðalstjórnar HK frá 20. maí sl., að víkja stjórn knattspyrnudeildar félagsins frá og að taka yfir stjórn deildarinnar tímabundið.

Dómsorð er lesið í heyranda hljóði.

Frestur til að áfrýja máli þessu er ein vika frá því að aðila var fyrst kunnust um niðurstöðu máls. Er aðilum bent á kafla 4.3. í lögum ÍSÍ um áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Dómþingi slitið .

Sigurður I. Halldórsson.